


Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ársskýrsla 2019



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Rekstur og fjármál	5
Símenntun og fræðsla	6
Matvælaeftirlit	7
Umhverfiseftirlit	15
Vöktun	19
Hundaeftirlit	21



Inngangur

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (skammstöfun HER) er eitt 10 heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga á Íslandi, sjá nánar um almennt hlutverk, verkefni og skipulag HER; <https://reykjavik.is/um-heilbrigðiseftirlitid>

Stöðugildi hjá embættinu voru 23 en heimild fékkst á árinu fyrir tvö stöðugildi til viðbótar frá og með árinu 2020, eitt stöðugildi á sitt hvora eftirlitsdeildina. Starfsemin skiptist í deildir og einingar eftir verkefnum, sjá skipurit hér fyrir neðan. HER hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki með breiðan bakgrunn og mikla þekkingu. Auk starfsfólks HER fær embættið þjónustu frá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, skrifstofufulltrúum, lögfræðingum og mannauðsfulltrúum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.



Árið 2019, fyrir utan lögboðin verkefni, einkenndist af vinnu varðandi verkefni HER s.s. fyrirhugaðar breytingar á meginlöggjöf er varðar heilbrigðiseftirlit bæði umhverfismál, hollustumál og matvælamál. Fjölmargar umsagnir og fundir voru haldnir sérstaklega kringum boðaðar breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hvað varðar að gera hluta fyrirtækjaflokka undir heilbrigðiseftirliti skráningarskylda í stað starfsleyfisskylda. Miklar efasemdir eru hjá HER um tilgangur boðaðra breytinga þjóni markmiði laganna og væntingum þeirra sem knýja þær fram og hefur það komið skýrt fram í umsögnum sem og í umræðu um málið. Nýlegri birtingu á niðurstöðum úr reglubundnu heilbrigðiseftirliti var vel tekið af fyrirtækjum í þjónustu hjá HER sem og almenningi. Vinna hélt áfram við uppfærslu á heimasíðu sem og vinna við nýtt upplýsingatækni- og skjalvistunarkerfi svokallaða Hlöðu var

hafin og er áætlað að kerfið verði tekið í notkun á miðju ári 2020. Vinnsluskrá fyrir HER vegna nýrra persónuverndarlaga var unnin á árinu. Vinna var hafin vegna útbóta í ýmsu er varðar stafsmannamál og hafði komið út úr greiningarvinnu á árinu. Uppsetning verkefna var gerð bæði í starfs- og fjárhagsáætlunum sem unnar voru fyrir árið í samráði við starfsmenn og verkefnum dreift. Mikil forgangsroðun verkefna var nauðsynleg sem og áður.

Farnar voru rúmlega 3600 eftirlitsferðir á árinu. Fyrirtæki með gild starfsleyfi voru um 3730 og eru þau háð reglubundnu eftirliti þar sem tíðni eftirlits er ákvörðuð eftir umfangi og áhættu viðkomandi reksturs. Kvartanir og ábendingar sem bárust voru um 1300 árinu, flestar hjá Umhverfiseftirlitinu. Hægt er að sjá nánar um starfsemina undir einstaka deildum og einingum. Starfsmenn HER tóku þátt í tilraunaverkefni „Stytting vinnuvikunnar“ hjá Reykjavíkurborg og var almenn ánægja með það verkefni sem lauk í ágústlok. Vinnuvikan var á tímabilinu stytt um eina klukkustund í lok dags á föstudögum.

Samgöngustyrkur var veittur þeim sem koma til vinnu flesta daga vikunnar á annan hátt en á einkabíl, um 33% starfsmanna HER nýttu sér slíkan samning. Varðandi akstur í eftirliti þá voru langflestir sem nýttu sér bíla Reykjavíkurborgar en aðrir útveguðu bíl og héldu akstursdagbók.



Rekstur og fjármál

Starfs- og eftirlitsáætlanir eru uppfærðar árlega og tillit tekið til mögulegra breytinga eða sveifla í rekstri í samræmi við það.

Áætlanir fyrir árið 2020 voru unnar og í framhaldinu kynntar og samþykktar á fundum umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar sem fer með hlutverk heilbrigðisnefndar fyrir hönd sveitarfélagsins. Í starfsáætlun voru kynnar nýjungar hjá embættinu sem og almenn störf HER og var áætlunin kynnt á starfsdegi með kjörnum fulltrúum. Forgangsröðun verkefna með reglubundið eftirliti og önnur lögboðin verkefni voru í forgrunni sem áður. Gjaldskrá hundaeftirlits hefur ekki hækkað síðan 2016 og gjaldskrá HER var ekki hækkuð á árinu. Tímagjald þjónustuverkefna er 14.100kr. Sjá nánar um opinber fjármál á <https://reykjavik.is/opinfjarmal>.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2019

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	2019
Tekjur	
- Eftirlits- og starfsleyfisgjöld	-167.888.909
Laun	
- Laun og launatengd gjöld	246.579.276
Rekstrarkostnaður	
- Annar rekstrarkostnaður	40.902.088
Samtals laun og rekstrarkostnaður	287.481.364
Gjöld umfram tekjur:	119.592.455

Hundaeftirlit	2019
Tekjur	
- Eftirlits-, leyfis- og handsömunargjöld	-29.973.522
Laun	
- Laun og launatengd gjöld	29.081.689
Rekstrarkostnaður	
- Annar rekstrarkostnaður	14.560.278
Samtals laun og rekstrarkostnaður	43.641.967
Gjöld umfram tekjur:	13.668.445

Símenntun og fræðsla

Á árinu voru haldnir fræðslufundir um markvissari tölvusamskipti, hvernig hægt sé að temja tölvupóstinn, streita "dulinn skaðvaldur" og fundir um samskipti og vellíðan á vinnustaðnum. Fagleg málefni voru kynnt á svokölluðum faghópsfundum sem haldnir eru mánaðarlega hjá HER um ýmislegt sem heilbrigðisfulltrúar fengu fræðslu um eða höfðu kynnt sér.

Sem áður voru að störfum faghópar skipaðir heilbrigðisfulltrúum frá öllum svæðum í landinu auk fulltrúum frá yfirstofnunum þar sem miðlað er þekkingu og reynslu um ýmis mál; hollustuháttahópur, umhverfisgæðahópur og matvælahópur. Mesta fagþekking á starfi heilbrigðisfulltrúa liggur hjá þeim sjálfum. Ráðstefnur sem sóttar voru, sjá nánar hjá eftirlitsdeildunum. Að öðru leyti sáu heilbrigðisfulltrúar um að sinna sinni símenntun eftir þörfum hvers og eins og þeir eru ábyrgir fyrir.

Vorfundur heilbrigðiseftirlitssvæðanna á Íslandi með Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti 2019 var haldinn að starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða á Ísafirði. Þar fóru yfirstofnanir og fagráðuneyti sem áður yfir helstu nýmæli og lagabreytingar er varða störf eftirlitsaðila. Á fundinum var m.a. tekið fyrir áhættumat og –flokkun, sameiginlegar landsáætlanir í eftirliti, mat á umhverfisáhrifum, vatnamál auk opinberrar birtingar gagna úr eftirliti. Árlegur haustfundur allra heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi var haldinn í október á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á bæjarskrifstofnum Garðabæjar. Þar voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þema fundarins sem og framtíð heilbrigðiseftirlits í landinu. Einnig voru flutt erindi er varða mál sem snerta heilbrigðiseftirlit. Réttindanámskeið fyrir heilbrigðisfulltrúa var haldið í september. Heilbrigðisfulltrúar HER kenndu mörg efni námskeiðsins og eins var boðið upp á að heilbrigðisfulltrúar og starfsfólk MAST og UST gætu hlustað á fyrirlesta í fjarfundarbúnaði.

Matvælaeftirlit

Deild Matvælaeftirlits gaf út starfsleyfi og annaðist eftirlit með starfsleyfis- og skráningarskyldum matvælafyrirtækjum í Reykjavík auk gistaða. Um er að ræða eftirlit með framleiðslufyrirtækjum matvæla og stóreldhúsum, þ.m.t. veitingastöðum s.s. veitingahúsum, krám, veitingastofum, kaffihúsum, veitingaverslunum, veisluþjónustu og veislusölum. Auk þess er deildin með eftirlit með innflytjendum og heildsölum með matvæli, smásölum með matvæli;

matsöluverslunum,
söluturnun, fiskbúðum og
ísbúðum, sérserslunum
með matvæli,
matsöluvögnum,
matvælamörkuðum,
innflytjendum,
framleiðendum og
smásölum
matvælasnertiefna sem
og eftirlit með



matvælamarköðum og ýmsum viðburðum eða upptákum þar sem matvæli komu við sögu.

Starfsleyfi sem eru í gildi í hverjum starfsleyfisflokki á hverjum tíma, er breytileg stærð og sveiflast til eftir aðstæðum. Í september 2019 var fjöldi fyrirtækja eða aðila með gild starfsleyfi hjá deild Matvælaeftirlits 1881 og skiptust þau þannig á helstu starfsleyfisflokkum: Starfsleyfi fyrir gistaði voru 681, þar af voru 221 starfsleyfi fyrir íbúðagistingu, 197 starfsleyfi voru fyrir heimagistingu af eldri gerð og 123 starfsleyfi í gildi fyrir nýja heimagistingu. Starfsleyfi fyrir hótél, gistiheimili og gistiskála voru 140. Veitingastaðir (veitingahús, veitingastofur, veitingaverslanir, krár, skemmtistaðir, veisluþjónustur og veislusalir) og fyrirtæki með framleiðslu og sölu á tilbúnum matvælum voru með 503 starfsleyfi. Fjöldi starfsleyfa fyrir mótuneyti voru 143 og 89 starfsleyfi fyrir heildsölur með matvæli. Starfsleyfi fyrir ýmiskonar smásala með matvæli, m.a. matvöruverslanir, stórmarkaðir, söluturnar, ísbúðir og sérserslanir með matvæli voru samtals 282. Fjöldi flutningamiðstöðva með gild starfsleyfi á þessum tíma voru 15 og 2 gild starfsleyfi fyrir vatnsveitur. Þessu til viðbótar eru síðan matvælafyrirtæki sem

eru ekki starfsleyfis skyld en eru skráningarskyld, t.d. fyrirtæki sem framleiða og eða flytja inn og dreifa matvælasnertiefnum og voru 3 með gilda skráningu. Samtals eru þetta því 1884 aðilar eða fyrirtæki með skráð eða gild starfsleyfi í september 2019.

Starfsmenn á deild matvælaeftirlitsins voru 9 auk deildarstjóra en tveir störfuðu einungis hluta úr árinu og einn starfsmaður var í veikindaleyfi allt árið. Farið var í samtals 1160 eftirlitsferðir samkvæmt skráningum deildarinnar. Fjöldi eftirlitsferða vegna reglubundins eftirlits voru 683, eftirfylgniferðir voru 38 og skráð eftirfylgni án sérstakra ferða voru 73 tilvik. Þá var farið í 63 eftirlitsferðir vegna sérstaks eftirlits og 25 vegna annarra ástæðna. Eftirlitsferðir vegna kvartana voru 21 og farið var í 17 eftirlitsferðir vegna úttekta.

Sýnatökur af matvælum er mikilvægur þáttur í öllu matvælaeftirliti. Heilbrigðisfulltrúar hjá matvælaeftirliti fóru í 272 sérstakar sýnatökufærðir. Veigamestu þættir þess eftirlits eru sýnatökur vegna eftirlits með neysluvatni, sýnatökur vegna eftirlits með varnarefnaleyfum í matvælum og þar fer mest fyrir sýnatökum af matjurtum og ávöxtum, sýnatökur af kjöti og sýnatökur af ís. Þessum sýnatökum er gerð ítarlegri skil síðar í þessari samantekt.

Matvælaeftirlit hefur á undanförunum árum tekið sýni af ís í fyrirtækjum sem selja „ís úr vél“ til viðbótar reglubundnu eftirliti með íssölustöðum. Fjöldi íssýnatökustaða 2019 voru 29, heildarfjöldi sýna var 34, fjöldi sýna sem stóðust kröfur reglugerða voru 25 sem eru um 74%. Fjöldi íssýna sem féllu voru 2 (7%) og sýni sem þörfuðust athugasemda voru 7 (21%). Þegar við rannsóknir kemur í ljós að íssýni falla eða þarfnast athugasemda er starfsemi íssölastaðar takmörkuð og íssala ekki heimiluð fyrr en sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að ísinn standist allar kröfur.



Matvælaeftirlitið fer með eftirlit með neysluvatni í Reykjavík; tekur sýni af neysluvatni, hefur eftirlit með starfsemi og búnaði vatnsveitna og jafnframt eftirlit með brunnsvæði vatnsverndarsvæðis. Árið 2019 var heildarfjöldi vatnssýna 108. Í reglubundnu eftirliti voru tekin 102 sýni af neysluvatni úr stofnæðum, dreifikerfi og á vatnsverndarsvæðum. Í svokallaðri heildarúttekt með neysluvatni voru tekin 6

sýni. Öll neysluvatnssýni sem tekin voru í eftirliti með vatnsveitum uppfylltu kröfur neysluvatnsreglugerðar. Þá voru tekin um 30 sýni af neysluvatni í matvælafyrirtækjum.

Í eftirliti með varnarefnaleyfum í matvælum 2019 voru tekin 155 sýni, aðallega grænmeti og ávextir og voru 6 sýni sem ekki stóðust kröfur reglugerðar. Í öllum tilfellum er um að ræða sýni sem tekin voru af vörum af erlendum uppruna; 2 sýni af spínati, 1 sýni af stjörnuávöxtum, 1 sýni af klementínunum, 1 sýni af avókadó og 1 sýni af blæjuberjum.

Matvælaeftirlitið tók þátt í eftirlitsverkefni vegna skimunar í kjöti markaði er varðar sjúkdómsvaldandi bakteríur og lyfjapól í samvinnu við Matvælastofnun og önnur heilbrigðiseftirlitssvæði. Deildin sá um sýnatöku á kjöti í smásölu, frá febrúar til desember 2019, vegna könnunar á stöðu algengustu sjúkdómsvaldandi bakteríum og sýklalyfjaónæmum bakteríum í kjöti á markaði. Skimunin var að hluta samkvæmt reglugerð nr. 1000/2018 um vöktun á sýklalyfjapóli en samkvæmt henni á að skima fyrir ESB L/AmpC myndandi *E. coli* í svína- og nautgripakjöti árið 2019. Aðrar rannsóknir voru annars vegar samkvæmt sameinlegu verkefni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) og íslenskra stjórnvalda og hins vegar samkvæmt ákvörðun stjórnvalda um skimun á tíðni sjúkdómsvaldandi baktería á markaði. Skimunin náði yfir bæði innlent og erlent kjöt þar sem sérstaklega var kannað:

Frosið kjúklingakjöt: *Campylobacter* og *Salmonella*

Ófrosið kjúklingakjöt: *Salmonella* og ESBL/AmpC myndandi *E. coli*

Ófrosið svínakjöt: *Salmonella* og ESBL/AmpC myndandi *E. coli*

Ófrosið nautgripakjöt: *Salmonella* og ESBL/AmpC myndandi *E. coli*

Ófrosið kjöt af sauðfé: Verótoxín myndandi *E. coli* (STEC/VTEC).


Alls voru 330 afurðasýni tekin í matvöruverslunum í Reykjavík. Af þeim voru tekin 66 sýni af frosnu kjúklingakjöti, 66 sýni af ófrosnu kjúklingakjöti, 66 sýni af svínakjöti, 66 sýni af nautgripakjöti og 60 sýni af kjöti af sauðfé.

Pakkningar voru valdar af handahófi og þeim dreift jafnt yfir árið. Hvert sýni samanstóð af einni pakkningu af fersku kjöti og var einungis tekin sýni af óunnu kjöt þar sem engu hafði verið bætt í og ófrosið, að undanskildum sýnum af frosnu kjúklingakjöti.

Campylobacter greindist í einu sýni af frosnu kjúklingakjöti frá Danmörku. Talning sýndi að magnið var mjög lítið eða undir greiningamörkum (<10 cfu/g) og því var ekki þörf á aðgerðum vegna þess. Hluti af rannsóknunum (ESBL/AmpC myndandi *E. coli*) er vöktun án viðbragða. En í sauðfé greindust 12 jákvæð sýni af lambakjöti m.t.t. STEC. Lambakjötið var allt upprunnið

frá Íslandi. Eitt sýni reyndist jákvætt mt.t. Salmonella í svínakjöti og var um að ræða *Salmonella Kedougou*. Svínakjötið var upprunið frá Íslandi, var dreifing stöðvuð og kjötið innkallað.

Fjöldi starfsleyfa sem samþykkt voru á árinu 2019 hjá Matvælaeftirlitinu voru 350. Afgreidd starfsleyfi vegna gististaða voru samtals 44, þar af voru 27 starfsleyfi vegna nýrrar starfsemi, 12 starfsleyfi vegna eigendaskipta og 5 vegna breytinga á starfsemi. Fjöldi starfsleyfi vegna annarra fyrirtækja eða starfsemi en gististaða sem afgreidd voru á árinu voru samtals 233 og skiptust þau þannig: vegna nýrrar starfsemi; 108 starfsleyfi, vegna ný skráningar; 4 starfsleyfi, vegna eigendaskipta; 70 starfsleyfi, vegna endurnýjunar 16; starfsleyfi, vegna breytingar á húsnæði; 11 starfsleyfi, vegna flutnings í nýtt húsnæði; 11 starfsleyfi og vegna breytingar á starfsemi; 13 starfsleyfi. Tímabundin starfsleyfi eða markaðsleyfi voru 75 af þessum 350 starfsleyfum sem gefin voru út hjá deildinni.



Á undanföllum árum hefur orðið æ vinsælla að halda ýmiskonar hátíðir og viðburði í borginni og hefur fjöldi þeirra vaxið á síðustu misserum. Yfirleitt fylgir þessu einhvers konar starfsemi með matvæli og dreifingu á veitingum. Þetta geta m.a. verið tónlistarhátíðir, jólamarkaðir, sýningar ýmiskonar og markaðir með matvæli. Þetta hefur kallað á aukna vinnu hjá matvælaeftirlitinu í tengslum við eftirlit og við gerð og útgáfu starfsleyfa eða markaðsleyfa fyrir hvern viðburð í heild sinni. Einnig þarf að gera og samþykkja markaðsleyfi fyrir hvern sölubás en algengt er að á hverjum viðburði séu margir sölubásar með matvæli. Til viðbótar þessu þarf að gera sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir hvern viðburð og oft fyrir hvern sölubás. Haldnir hafa verið fundir með stjórnendum þessara viðburða þar sem farið hefur verið yfir hvern viðburð fyrir sig og farið er yfir umfang og hvers konar meðferð matvæla muni eiga sér stað. Einnig hefur verið boðið upp á stutta fundi eða námskeið fyrir söluaðila þar sem farið var yfir helstu kröfur sem gerðar eru og veittar leiðbeiningar um hvernig best er að haga málum til að tryggja matvælaöryggi. Fjöldi tímabundinna starfsleyfa og markaðsleyfa fyrir stærri viðurði með matvæli 2019 voru um 75. Þetta eru viðburðir s.s. Menningarnótt, Secret Solstice, Matarmarkaðir í Laugardal, 17. júní hátíðarhald, Hátíð hafsins, Matarmarkaður á Miðbakka, Götubiti á Hafnartorgi, Jólamarkaður á Hafnartorgi, Hjartartorg, Matarmarkaðir í Hörpu,

Jólamarkaður Nóva, Mathöll Höfða, Ed Sheerian tónleikar, Kringlutorg, Lifandi heimili í Laugardalshöll og Fit & Run Expo í Laugardalshöll.

Mikil tími og vinna fer í að vinna og gera umsagnir um ýmis erindi sem deildin fær. Matvælaeftirlitið veitti fjölmargar umsagnir um umsóknir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði, tækifærisleyfi og tímabundin áfengisleyfi en veitandi rekstraleyfa er Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi umsagna vegna rekstrarleyfa voru 279. Þar af voru 157 umsagnir vegna gististaða og 122 umsagnir vegna veitingastaða. Áætlað er að fjöldi umsagna vegna tækifærisleyfa og tímabundinna áfengisleyfa á árinu 2019 hafi verið um 100.



Deildin tók einnig þátt í gerð umsagna um frumvörp að lögum og drög að reglugerðum er varða starfsemi hennar.

Á hverju ári berast deildinni fjöldi kvartana og ábendinga vegna matarsjúkdóma og annars er sem varðar meðferð matvæla. Einnig berast kvartanir vegna ónæðis s.s. hávaða og lyktarmengunar frá veitingastöðum. Kvartanir voru um 140 á árinu og fer drjúgur tími heilbrigðisfulltrúa í að rannsaka þær og eftir atvikum að fylgja þeim eftir með viðeigandi aðgerðum. Engin stór matarsýking var á árinu 2019 en ábendingar um meintar matareitranir eða matarsýkingar voru 12.

Þó að flest matvæli hér á landi uppfylli kröfur laga og reglugerða og séu örugg þá gerir deildin á hverju ári athugasemdir í eftirliti við fjölda matvara vegna merkinga og innihalds þeirra. Þetta er bæði vegna matvara þar sem ábyrgðaraðili er eftirlitsþegi deildarinnar en einnig er um að ræða matvörur þar sem ábyrgðaraðili er eftirlitsþegi Matvælastofnunar eða annarra heilbrigðiseftirlitssvæða. Gerðar voru athugasemdir á árinu í 33 tilfellum við matvörur, ein eða fleiri hverju sinni, þar sem ábyrgðaraðili var eftirlitsþegi deildarinnar og í 23 tilfellum við matvörur þar sem ábyrgðaraðili var eftirlitsþegi á öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum eða hjá Matvælastofnun.



Pegar matvörur eru metnar hættulegar samkvæmt matvælalöggjöfni er krafist innköllunar á vörum og eru þá sendar út sérstakar fréttatilkynningar. Yfirleitt er þetta gert í góðri samvinnu við viðkomandi matvælafyrirtæki. Á síðasta ári voru sendar út 18 fréttatilkynningar vegna innköllunar á matvörum.

Eftirlitsverkefni eru drjúgur þáttur í starfi deildarinnar. Ýmist er um að ræða verkefni á landsvísu með þátttöku allra

heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Matvælastofnunar, eftirlitsverkefni nokkurra eftirlitssvæða eða bara hér í Reykjavík. Fyrr í þessari samantekt er fjallað um nokkur slík verkefni en dæmi um fleiri slík eftirlitsverkefni 2019 eru Listería í matvælum sem eru tilbúin til neyslu og gæði íss úr vél.

Árlega nýta starfsmenn deildarinnar sér tækifæri til að efla þekkingu sína og þjálfun. Lögð er áhersla á að starfsmenn bera ábyrgð á að sinna endurmenntun sinni. Helstu námskeið, ráðstefnur og fundir sem starfsmenn deildarinnar sóttu á árinu voru: Norræna matvælaeftirlitsráðstefnan, varnarefnanámskeið, réttindanámskeið Heilbrigðisfulltrúa, málþing um örplast og lyfjaleifar í íslensku umhverfi, fræðslufundur um matvælasvindl, fundur um breyttar reglur um innflutning á hráu kjöti, fræðslufundur um viðverustefnu Reykjavíkurborgar,



fræðslufundur um birtingamyndir kynjanna í samfélaginu, þátttaka í öryggisviku Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, fræðsla um umhverfisstjórnunarkerfi Umhverfis- og skipulagssviðs, ársfundur Umhverfisstofnunar, fræðslufundir um samskipti og vellíðan á vinnustað, námskeið um að temja Outlook og

haustfundur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Starfsmenn tóku einnig þátt starfsmannafundum Umhverfis- og skipulagssviðs, í deildarfundum, starfsdögum deildarinnar, ýmsum vinnuhópum deildarinnar og taka þátt í og flytja kynningar á ýmsu eftirliti á heilbrigðisnefndarfundum eftir þörfum. Auk þess var deildarstjóri í forystunámi á vegum borgarinnar, tók þátt í einingarstjórafundum, sat námskeið um kynningu á nýjum innkaupareglum, og sótti fundi í

framkvæmdarstjórn Umhverfis- og skipulagssviðs og miðborgarteymi sem staðgengill framkvæmdarstjóra.

Heilbrigðisfulltrúar og deildarstjóri héldu ýmis erindi og fyrirlestra á árinu. Þeir helstu voru um: kröfur til matvælafyrirtækja fyrir þátttakendur með matvæli til sölu á útihátíð 2019, nóróveirusýkingu í skelfiski fyrir haustfund heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, kröfur til matvælafyrirtækja í mathöllum, meindýravarnir í matvælafyrirtækjum, innra eftirlit matvælafyrirtækja á varnarefnanámskeiði í Landbúnaðarháskóla Íslands og kynningu á deild matvælaeftirlits fyrir Félag stjórnenda Reykjavíkurborgar. Starfsmenn tóku einnig þátt í fræðslufundi um mötuneyti í leikskólum ásamt starfsfólki deildar Umhverfiseftirlits.

Ýmis konar samvinna er við opinberar stofnanir; Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, ráðuneyti og aðra aðila er stór og mikilvægur þáttur í starfsemi deildarinnar. Starfsmenn deildarinnar tóku virkan þátt í starfi matvælahóps heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar og áttu fulltrúa í flestum undirbúningshópum sem unnu að gerð leiðbeininga sem síðan voru gefin út á vegum Matvælastofnunar, sem leiðbeiningar fyrir heilbrigðiseftirlitssvæðin og



Matvælastofnun. Dæmi um slíkt á árinu 2019 er vinnuhópur um endurskoðun á áhættumati og áhættuflokkun við matvælaeftirlit, vinnuhópur um gerð leiðbeininga vegna listeríu í matvælum og gerð eftirlitsverkefnis um listeríu í tilbúnum matvælum.

Mikil samvinna er við embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík. Teikningar vegna byggingarleyfisumsókna er varðar starfsleyfisskylda starfsemi voru yfirfarnar vikulega og gefnar umsagnir um mál er varða heilbrigðiseftirlit. Þessu fylgja samskipti s.s. fundir og tölvupóstssamskipti við hönnuði og rekstraraðila.

Síðustu misseri hefur verið síaukin áhersla af hálfu löggjafans, ráðuneyta og Matvælastofnunar á að hægt sé að taka saman ýmsar tölfræðiupplýsingar um matvælaeftirlit heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Kerfi sem HER hefur er ekki í stakk búið til að taka saman á fullnægjandi hátt þær upplýsingar sem kallað er eftir. Á deild matvælaeftirlitsins hefur verið unnið áttak við gerð gátlista í hugbúnaðinum iAuditor sem notaðir eru í eftirlitinu bæði á spjalddölvum og einnig er hægt að vinna í hugbúnaðinum á borð- og fartölvum. Upplýsingum úr eftirlitinu er safnað í gagnagrunn sem hægt er að rýna og bera saman niðurstöður. Ljóst er að þetta hefur auðveldað

eftirlitið, gert það markvissara og dregið úr tvíverknaði til muna auk þess að gera eftirlitsþegum léttara að fá yfirsýn yfir úrbótakröfur o.fl.

Nánar um Matvælaeftirlitið á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/matvaelaefirlit>

Helstu tölur hjá Matvælaeftirliti fyrir árið 2019:

Fjöldi fyrirtækja með starfsleyfi á deild matvælaeftirlits eða eru skráð (tala í september 2019)	1881
Heildarfjöldi útgefinna starfsleyfa á deild matvælaeftirlits 2019	350
-Þar af ný starfsemi/nýskráning	139
-Þar af eigendaskipti	82
-Þar af endurnýjun	16
-Þar af breyting á starfsemi	18
-Þar af breyting á húsnæði	11
-Þar af flutningur í nýtt húsnæði	11
-Þar af tímabundið starfsleyfi (markaðsleyfi)	75
Umsagnir um rekstrarleyfi sýslumanns fyrir veitinga- og gistaði	279
Umsagnir um tækifærisleyfi	100
Skráðar kvartanir	140
Sýnatökur varnarefni - fjöldi sýna	155
Sýnatökur ís - fjöldi sýna	34
Sýnatökur neysluvatn - fjöldi sýna (úr dreifikerfi og af vatnsverndarsvæði)	108
Sýnatökur kjötverkefni - fjöldi sýna	330

Umhverfiseftirlit

Deild Umhverfiseftirlits gaf út starfsleyfi og sinnti eftirliti með atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun ásamt hollustuháttafyrirtækjum auk eftirlits með íbúðarhúsnæði.

Starfið á deildinni var með hefðbundnu sniði. Reglubundið eftirlit í fyrirtækjum, útgáfa starfsleyfa auk þess sem fjöldi kvartana hefur aldrei verið meiri. Útgáfa starfsleyfa var umfangsmikil sem fyrr. Alls voru afgreiddar 263 umsóknir um starfsleyfi á árinu og skiptust þær nær jafn á milli leyfi fyrir hollustuhátta starfsemi (130) og mengandi starfsemi (133). Vinna við umsóknir um leyfi fyrir mengandi starfsemi eru mun tímafreakari þar sem nú þarf að útbúa auglýsingu á vefsíðu HER með tillögu að leyfi fyrir hverja umsókn og gera þarf greinargerð um vinnslu málsins að lokinni útgáfu leyfis. Þá eru unnin sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi í þeim tilvikum sem ekki eru til samræmd starfsleyfisskilyrði heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar s.s. fyrir starfsemi eins og gas- og jarðgerðarstöð. Í nokkrum tilvikum eru einnig unnin sértæk skilyrði fyrir tiltekna viðburði og má þar t.d. nefna stóra tónleika, tattoo ráðstefnur og útihátíðir. Vinna við þau leyfi er mismikil eftir eðli starfseminnar en getur verið frá því að taka eina klukkustund og uppúr. Gefin voru út 39 tóbakssöluleyfi, flest vegna endurnýjunar eða eigendaskipta.

Eftirlit var haft með og gefin voru út tímabundin starfsleyfi vegna ýmissa viðburða í borginni s.s. Secret Solstice, Októberfest, Airwaves, o.fl. auk tímabundinna starfsleyfa fyrir áramóta- og þrettándabrennur. Fyrir viðburðina voru unnin sértæk starfsleyfisskilyrði, sem fyrr sagði, sem tóku til umhverfis- og umgengismála auk hreinlætisaðstöðu og öryggismála fyrir gesti. Einnig voru veittar umsagnir um rekstrarleyfi og tímabundin áfengisleyfi sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út vegna ýmsa viðburða og skemmtana.

Reglubundið eftirlit var með hefðbundnum hætti á sundstöðum. Farið var þrisvar á árinu á minni sundstaði þ.e. kennslu- og æfingalaugar en fjórum sinnum í stóru almenningssundlaugarnar. Tekin voru sýni til klórmælinga í öllum ferðunum. Einnig voru tekin sýni til gerlarannsóknna úr öllum laugarkerfum stóru almenningsslauganna einu sinni yfir sumarið og farið í eftirfylgni eftir þörfum. Þar sem niðurstöður stóðust ekki kröfur var sýnataka endurtekin skv. reglugerð. Helstu niðurstöður sýnatöku á sundstöðum voru að frávik voru fleiri en áður og endurtaka þurfti sýnatöku á nokkrum stöðum. Skýring á þessu var að vatnsstreymi hafði verið minnkað og reynt að hafa klórmagn í lágmarki sem hafði neikvæð áhrif á vatnsgæðin

og var þessu því breytt. Sýnataka vegna THM (trihalometan) mælinga fór fram í innlaugum stóru almenningssundstaðanna í borginni. Ekki eru til viðmiðunarmörk fyrir þessa mælingu í íslenskum reglum en hún gefur vísbendingu um gæði innilofts við yfirborð laugar. Niðurstöður sýndu gott ástand hvað þetta varðar.

Eftirlit með skólum og leikskólum svo og lóðum við þessar stofnanir er stór liður í starfi deildarinnar. Í skólum er hugað að hollustuháttum, m.a. þrifum og ástandi húsnæðis, og öryggi í skólastofum og öðrum rýmum sem nemendur nýta eða hafa aðgang að. Á skólalóðum er kannað ástand og öryggi leiktækja og almenn þrif. Það á einnig við um eftirlit með öllum leiksvæðum sem eru á vegum Reykjavíkurborgar en þau eru rúmlega 260 og var farið á þau öll á árinu. Í eftirliti með mötuneytum í skólum og leikskólum voru tekin sýni til ATP (adenosine triphosfat) mælinga á staðnum. Þessar mælingar eru góður mælikvarði á gæði þrifa þ.á.m. uppþvott. Í nokkrum tilvikum voru niðurstöður ófullnægjandi og var gripið til viðeigandi ráðstafana í framhaldinu.

Eftirlit með mengandi starfsemi var einnig með hefðbundnum hætti. Farið var í fyrirtæki í fjölbreyttri starfsemi s.s. bensínstöðvar, bifreiðaverkstæði, trésmíðaverkstæði, vélsmiðjur o.fl.

Auk reglubundins eftirlits var farið í fjölmargar eftirlitsferðir vegna kvartana en kvörtunum hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum. Kvartanir eru af ýmsu tagi s.s. vegna úrgangs á lóð, vegna olíuleka af bíl, vegna númerslausra bíla og vegna lyktar- eða hávaðaónæðis svo dæmi séu tekin. Í síðast töldu dæmunum komu nýir hljóðmælar (snjallmælar) sem teknir voru í notkun í fyrria að góðum notum og sönnuðu gildi sitt. Mælar voru m.a. settir upp á stöðum þar sem kvartað er undan hljóðmengun. Gefa þeir færi á því að fylgjast með ástandinu í rauntíma.



Starfsfólk deildarinnar sótti endurmenntun og fræðslu eftir því sem tækifæri gáfust og má þar nefna að heilbrigðisfulltrúi sótti námskeið í hljóðmælingum á Englandi. Á starfsréttindanámskeiði fyrir heilbrigðisfulltrúa voru starfsmenn deildarinnar fengnir til að annast fræðslu í ýmsum málaflokkum en um leið sátu nýir starfsmenn námskeiðið til að öðlast starfsréttindi. Vegna verkefnaálags gátu heilbrigðisfulltrúar að öðru leyti lítið sinnt fræðsluhlutverki sínu utan reglubundins eftirlits þar sem stöðug fræðsla og leiðbeiningar fara fram. Niðurstöður eftirlits með leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og öðrum stöðum sem skóla- og frístundasvið starfrækir voru kynnar fyrir umhverfis- og heilbrigðisráði og skóla- og frístundaráði borgarinnar.

Starfsmenn á deildinni störfuðu með tveimur samstarfshópum heilbrigðiseftirlitsvæða og Umhverfisstofnunar, hollustuháttahóp og umhverfisgæðahóp. Á vettvangi hópanna eru rædd ýmis sameinginleg mál sem brenna á heilbrigðisfulltrúum og þessum stofnunum. Hóparnir halda mánaðarlega símafundi yfir vetrarmánuðina og hvor hópur heldur svo tveggja daga starfsfund þar sem unnið er að ákveðnum málum auk þess sem farið er í vetvangsferðir. Vorfundur umhverfisgæðahóps var haldinn á Suðurnesjum í apríl. Mestur tími fór í vinnu að áhættumati fyrir mengandi starfsemi sem hópurinn hefur unnið að en áhættumatið á að leggja til grundvalla ákvörðunar um tíðni eftirlits í fyrirtækjum. Einnig var umræða um BAT (Best Available Technology) og verkefni hópsins á árinu 2020. Fundinum lauk með skoðunarferð í viðhaldsstöð Icelandair á Keflavíkurlflugvelli og flugvallarsvæðið, m.a. æfingasvæði flugvallarslökkviliðsins. Haustfundur hollustuháttahóps fór einnig fram á Suðurnesjum í september. Þar var rætt á breiðum grunni um samráð og samstarfs heilbrigðiseftirlitsvæðanna og Umhverfisstofnunar um hollustuhætti auk þess sem rætt var um menntunarmál heilbrigðisfulltrúa og framkomin frumvörp um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heilbrigðisfulltrúar deildarinnar tóku þátt í Mengunarvarnaráði hafna og vinnuhópnum Hreint loft Betri heilsa. Nokkur vonbrigði voru að ný hollustuháttareglugerð birtist ekki á árinu og svo virðist sem vinna við hana hafi stöðvast amk. Í bili.

Umsagnir um umhverfismál, skipulag, lagafrumvörp, reglugerðir, og ýmsar leyfisveitingar voru unnar af starfsmönnum Umhverfiseftirlits í samvinnu við starfsmenn Vöktunar. Þessi hluti starfseminnar hefur farið vaxandi á síðustu árum og þá á kostnað annara liða.

Á deildinni eru 10 stöðugildi sem ekki voru fullmönnuð allt árið vegna mannbreytinga.

Sjá nánar um umhverfiseftirlit á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/umhverfiseftirlitid>.

Helstu tölur hjá Umhverfiseftirliti fyrir árið 2019:

Fjöldi fyrirtækja með starfsleyfi á deild umhverfiseftirlits	1584
Opin leiksvæði með starfsleyfi	264
Heildarfjöldi útgefinna starfsleyfa á deild umhverfiseftirlits 2019 (ný starfsemi, endurnýjun, breytingar, eigendaskipti)	263
Heildarfjöldi tóbakssöluleyfa	131
Ný leyfi, endurnýjun, breytingar, eigendaskipti)	39
Þar af tímabundið starfsleyfi (viðburðir, niðurrif, brennur)	48
Skráðar kvartanir	1062
-Þar af kvartanir vegna númerslausra bíla	665
Umsagnir um tækifærisleyfi	64
Útgefin sóttvarnavottorð vegna skipa	34
Sýnatökur úr baðvatni - fjöldi sýna (klórmælingar og gerlarannsókn)	331
Sýnatökur ATP/mat á þrifum - fjöldi sýna	400

Vöktun

Hjá einingu Vöktunar voru eins og fyrri ár helstu verkefnið fólgin í vöktun á vatnsgæðum strandsjávar, áa og vatna, vöktun á loftgæðum í borginni ásamt gerð umsagna.

Niðurstöður strandsjávarsýntöku voru á sama róli og undanfarin ár. Tekin voru 90 sýni og voru níu yfir mörkum, eða 10%, en það voru tvö sýni úr Eiðsvík og Naustanesi og eitt sýni frá Brautarholti, Elliðavogi, Lauganesi og Skerjafirði Sérstök átaksverkefni í leit að röngum tengingum fráveitulagna voru ekki á árinu utan verkefna sem þegar voru í gangi en öllum ábendingum og kvörtunum sinnt eins og venja er.

Dagleg vöktun á loftgæðum í borginni var á árinu sem áður. Svifryk (PM10) fór 15 sinnum yfir sólarhringsheilsuverndarmörk (50 $\mu\text{g}/\text{m}^3$) við Grensásveg en má fara 35 sinnum yfir mörkin skv. reglugerð. Árgildið var 13 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ en mörkin eru 40 $\mu\text{g}/\text{m}^3$. Köfnunarefnisdíoxíð fór tólf sinnum yfir sólarhringsheilsuverndarmörk (75 $\mu\text{g}/\text{m}^3$) við Grensásveg en má fara sjö sinnum yfir mörkin skv. reglugerð. Efnid fór einnig níu sinnum yfir klukkustundarheilsuverndarmörkin sem eru 200 $\mu\text{g}/\text{m}^3$, má fara 18 sinnum yfir skv. reglugerð.

Á Nýársdag 2019 fór gildi svifryks í fyrsta

sinn yfir sólarhringsheilsuverndarmörkin á árinu. Styrkur svifryks var þó mun lægri en áramótin 2017/18 þegar hæsta sólarhringsmeðaltal frá upphafi mælinga mældist í borginni. Sólarhringsmeðaltalið var 59 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ við Grensásveg en 2018 var það 379 $\mu\text{g}/\text{m}^3$.

Loftgæðamæligögn voru aðgengileg almenningi í gegnum loftgæðaupplýsingakerfi Umhverfisstofnunar, Airviro á slóðinni www.loftgaedi.is. Á vef Reykjavíkurborgar er tenging inn á vef UST en ekki er komin sjálfstæð síða til vöktunar á loftgæðum. Á árinu voru gefnar úr viðvaranir til almennings í þau skipti sem loftgæði voru slæm eða grunur um að þau yrði



það. Skólar, leikskólar og dagmæður í borginni voru sérstaklega vöruð við skv. verklagi þar um.

Farið var í almennt eftirlit um vatnsverndarsvæðið og umgengni og ástand bygginga og lóða skoðað. Sem áður voru áhyggjur af svæðinu vegna mikillar umferðar um og við svæðið. Ástand vega á vatnsverndarsvæðinu er lélegt í Heiðmörk og ekki síður í Bláfjöllum í landi Kópavogs, auk þess sem einn umferðapungsti vegur landsins liggur að hluta til á vatnsverndarsvæðinu. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu fundaði fjórum sinnum á árinu um ýmis mál er varðar svæðið s.s. nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði á Hólmsheiði og uppfært rennslislíkan fyrir svæðið, áformaðar framkvæmdir á skíðasvæðinu í Bláfjöllum, merkingar á vatnsverndarsvæðinu og nýjar rannsóknarborholur á Bláfjallasvæðinu. Tveir sumarbústaðir á vatnsverndarsvæðinu brunnu á árinu, Lækjarbotnland nr. 4-5 og Elliðavatnsblettur nr. 34 og veitt voru tímabundin starfsleyfi fyrir niðurrifi á rústunum. Bílvelta varð í námunda við Sandskeið en ekki var talið að teljandi mengun hafi hlotist af og jeppabifreið var ekið út í Helluvatn en ekki lak olía af bílnum við óhappið.



Eining Vöktunar vann á árinu 36 umsagnir um hin ýmsu málefni sem snertu lög og reglugerðir, skipulag, málefni sem tengjast mati á umhverfisáhrifum, framkvæmdum inni á vatnsverndarsvæðinu o.fl. Einnig héldu starfsmenn Vöktunar fyrirlestra um olíumengun og viðbrögð við henni fyrir starfsmenn verkþækistöðva.

Tveir heilbrigðisfulltrúar/verkefnastjórar voru starfandi hjá einingu Vöktunar í tveimur stöðugildum.

Sjá nánar um Vöktun á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/voktun-umhverfi>

Hundaeftirlit

Á árinu 2019 var reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti breytt og fært inn í hana ákvæði um að viðkomandi heilbrigðisnefnd geti leyft gæludýr í strætó með skilyrðum en undirbúningur hefur verið síðustu tvö ár í formi tilraunaverkefnis sem hefur gengið vel. HER gerði samning við Reykjavíkurborg á árinu að fá afnot af athvarfi fyrir skammtímagæslu hunda meðan verið er að finna út eignarhald á lausagönguhundum eða hunda sem teknir er í vörslu HER og Lögreglu þar sem HER kemur að málum. Öll mál er varða týnda hunda og lausagönguhunda leystust farsælega þannig að flestir komust til síns heima en þeir sem enginn vitjaði fengu nýtt heimili. Engan hund þurfti að aflífa.

Á árinu var hafin vinna hjá sérstökum stýrihópi um hugmyndir að breytingum á fyrirkomulagi dýramála í Reykjavíkurborg sbr. stefnuskrá meirihluta hjá Reykjavíkurborg. Hundaeftirlit og dagleg umsýsla mun þá líklegast færast þangað en þvingunarmál vegna brota á hundasamþykkt og slíkt vera áfram í höndum HER. Afskráningar hunda voru 259 og nýskráningar 205. Hundar á skrá voru um 2500. Kvartanir vegna hunda voru skráðar 84 þar af 22 vegna lausagöngu og eitt bitmál. Flestar kvartanir eru vegna ónæðis ýmis konar af völdum hunda og hundahalds. Kvartanir vegna hundahalds hafa undanfarin ár fækkað en voru svipaðar í ár og í fyrra. Stöðugt meiri sátt er um hundahald í borginni og hundeigendur sem og aðrir taka almennt meira tillit



hver til annars. Símtöl vegna hundamála og fyrirspurnir með tölvupósti eru fjölmörg og má nefna að einungis erindi sem komu árið 2019 gegnum Þjónustuver voru um 1000 auk tölvupósta og símtala sem koma beint til hundaeftirlitsmanna

og annarra er sinna þjónustu vegna hundaeftirlits í borginni. Sjá nánar um hundaeftirlit á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/hundahald-og-hundaeftirlit>